

1.

Ég syng um þig borg.
Og gamlar götur horfa í sál mína
og spegla hugsanir mínar og þrá
sem var eins saklaus og stjarna yfir Betlehem.

Þú talaðir við mig.
Og eggjandi nætur hlógu í fangi þínu
og mislyndir dagar grétu í brjósti þínu
og hvítar stjörnur spegluðust í svörtum augum
og gráum einmana götum,
þegar ég lék á hörpuna og orti sönginn um sjálfan mig.

Og ég horfði í andlit þitt
rjóður af heitri æsku
og ég horfði í götur þínar
ungar nýlagðar götur
með varir votar af tjöru
og þær þrýstu heitum barmi að köldum fótum.

2.

Og ég beið eftir svari:
hvítir mávar brýndu nef sín
á kollóttum steini við hafnarvitann
og hrúðurkörlum
á Kolbeinshaus

ó borg:
og þeir þöndu vængi sína
og hann elskaði hana með gulu nefi
og glampa í heitu auga,
svo flaug hún af stað
lengra og lengra
og hann horfði á eftir henni,
þegar skuggi hennar hvarf
inn í hvíta sól.

Um ljóðið

Hörpu sláttur er fyrsta ljóðið í fyrstu ljóðabók Matthíasar, „Borgin hló” sem kom út árið 1958. Mun það hafa verið tillaga frá Steini Steinarr að bókin skyldi hefjast á þessu ljóði, en þeim Steini og Matthíasi var vel til vana. Í ljóðinu kemur fram ást Matthíasar á höfuðborginni, enda borinn og barnfæddur Reykvíkingur. Í ljóðinu lítur höfundurinn tilbaka þegar hann var ungur og saklaus eins og sjálf Betlehemsstjarnan.

Tillögur að svörum:

Verkefni

1. ...og ég horfði í götur þínar / ungar nýlagðar götur / með varir votar af tjöru / og þær þrýstu heitum barmi að köldum fótum.
2. Þær liggja um hjarta hans, en höfundur er að segja hve líf hans er samofið borginni.
3. Mismunandi svör.
4. Mismunandi svör.
5. Mismunandi svör.